

**Alþingi**  
**Landbúnaðarnefnd**  
**b/t nefndarritara**  
**Austurstræti 8 - 10**  
**150 Reykjavík**

Reykjavík, 1. mars 2007

*Efni: Frumvarp til laga um tollkvóta við innflutning landbúnaðarafurða (621. mál)*

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem er fyrst og fremst ætlað að rýmka heimildir landbúnaðarráðherra til úthlutunar á tollkvótum.

Viðskiptaráð Íslands hefur stutt dygglega við svonefnt kvótakerfi í sjávarútvegi, enda er þar um að ræða framseljanlegir aflaheimildir í einkaeign sem eru besta leiðin til að tryggja sjálfbæra nýtingu takmarkaðra auðlinda. Undirritaður lögfræðingur Viðskiptaráðs þurfti hinsvegar að líta á dagatal til að fullvissa sig um að komið væri árið 2007 þegar hann fékk þetta frumvarp til umsagnar. Það kom honum í opna skjöldu að enn væru til innflutningskvótar, enda vissi hann ekki til þess að innflutningur væri takmörkuð auðlind. Hann taldi að innflutningskvótar væri forneskja sem hefði horfið með svarthvítu sjónvarpi og bítlahári.

Það virðist hinsvegar ekki vera raunin. Viðskiptaráð leggur til að tollkvótar verði aflagðir hið fyrsta enda er íslenskur landbúnaður fullfær um að keppa við erlendan landbúnað á samkeppnisgrunni. Takmörkun á innflutningi á landbúnaðarafurðum er einnig til þess fallin að halda uppi háu verði á matvælum, og varla á það bætandi fyrir íslenska neytendur.

**Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga og hvetur til þess að gengið verði enn lengra, og helst alla leið.**

Virðingarfyllst,



---

Davíð Þorláksson  
Lögfræðingur Viðskiptaráðs